



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 501. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn um ofanefnt frumvarp.

Barnaheill telja að í frumvarpinu sé að finna margar umbætur og fyllri ákvæði, hvað varðar mannréttindi almennt og þar með mannréttindi barna, frá núverandi stjórnarskrá. Auk þess er að finna fyllri ákvæði, sérstaklega um mannréttindi barna sem er fagnaðarefni. Helstu grundvallarreglur Barnasáttmálans eru tiltekna í frumvarpinu, réttur til lífs, bann við mismunun, réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem barn varðar og að tekið sé réttmætt tillit til þeirra. Ennfremur er þar að finna regluna um að allar ákvarðanir sem varða börn skuli teknar með það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi, eða að það skuli hafa forgang eins og það er orðað í íslenskri þýðingu Barnasáttmálans. (enska: „shall be a primary consideration“). Auk þessara viðbóta er að finna reglu þá sem er að finna í núverandi stjórnarskrá að öllum börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Margt annað gagnlegt má tiltaka í frumvarpinu. Til að mynda ákvæði um rétt til heilnæms umhverfis og aðgengis að náttúru sem Barnaheill telja mikilvægt að undirstrika þörf á. Ennfremur er réttur komandi kynslóða til náttúrunnar áréttáður þar sem kveðið er á um nýtingu náttúrugæða á þann veg að hún skerðist ekki til langframa. Börn eiga að mati samtakanna, að eiga óskoraðan rétt til heilnæms umhverfis og náttúru, í nútíð og framtíð. Því er gríðarlega mikilvægt að tryggja þau réttindi með skýrum hætti, hvort heldur það gerist með afgreiðslu frumvarps þessa eða með breytingum á stjórnarskrá sem ganga skemmra en það sem stefnt er að í þessu frumvarpi.

Barnaheill telja mikilvægt að tiltaka það sjónarmið að þau kyn sem talin eru upp í 6. grein frumvarpsins, eru ekki einu kynin sem tryggja þarf jafnstöðu. Að mati samtakanna væri betra að orðalag væri á þessa leið: „Öll kyn njóta jafns réttar í hvívetna“.

Frumvarpið felur í sér tillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Sú stjórnarskrá sem Ísland hefur nú er að stofni til frá 1874. Hún inniheldur orðfæri sem ekki er aðgengilegt öllum, þ.m.t. börnum, og að ýmsu leyti er hún illskiljanleg. Það eitt og sér stríðir gegn meginreglunni um skýrleika laga, réttláta málsmeðferð og um réttarríkið. Borgararnir, þ.m.t. börn, þurfa að skilja lög og reglur svo þeir geti án milliliða þekkt réttindi sín og skyldur. Fyrir þær sakir eru Barnaheill þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að nútímavæða stjórnarskrána og aðlaga hana samfélaginu og þörfum þess.

Barnaheill taka ekki afstöðu til þessa frumvarps í heild en hafa nú rakið helstu röksemdir sem samtökin telja mæla með því að hún verði samþykkt með hliðsjón af réttindum barna.

Að því sögðu, má gagnrýna að enga umfjöllun er að finna í greinargerð um samráð við börn, í þeirri vinnu sem unnin var, í aðdraganda og/eða við gerð þessa frumvarps. Það er í hróplegu ósamræmi við



3. mgr. 28. gr. frumvarpsins, ef slíkt samráð hefur ekki farið fram. Barnaheill hvetja Alþingi til að huga að ríkulegu samráði við börn við afgreiðslu þessa máls.

Barnaheill styðja við bætt mannréttindi barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.